

Nammibudda

Höfundur: Silja Kristjánsdóttir

ÚR KÖRFU TEXTÍLKENNAANS Verkefni í vélsaumi fyrir 5.–8. bekk



Aðferð:

Vélsaumur

Efni:

- ✓ Nammipoki
- ✓ Bókaplast
- ✓ Rennilás



Áhöld:


- ✓ Saumavél
- ✓ Skæri
- ✓ Títuprjónar



Vinnulýsing fyrir nemendur


1 Veljið ykkur nammipoka.

2 Klippið topp og botn af.




3 Rennið skærum niður með hliðunum. Þá eru komnir tveir ferhyrmdir bútar sem eru fram- og bakhlið buddunnar.


4 Plastið ferhyrndu búтана með bókaplasti. Nóg er að plasta framhliðina á hvorum bút fyrir sig.



5 Finnið rennilás sem passar. Ef rennilásinn er lengri en efri brún buddunnar þá er gott að stytta hann áður en hann er saumaður í.



- 6 Nælið rennilásinn í efri brún framhliðar. Sleðinn á að snúa að framhliðinni.



- 7 Saumið rennilásinn á pokann.

- 8 Nælið rennilásinn eins við bakhliðina og saumið.

- 9 Nælið fram- og bakhlið saman með tituprjónum þannig að rangan snúi út. Athugið að rennilásinn liggja réttur og gott er að merkja fyrir saumnum eins og sést á mynd við lið 11.

Munið að sauma
1 cm frá brún með
beinu spori.




- 10 Saumið budduna saman á röngunni. Gætið þess að sauma vel upp að rennilásnum.

Munið að setja saumavélarfótinn niður
áður en þið byrjið að sauma og festið
þráðinn með því að bakka í byrjun og enda.



- 11 Klippið hornin.



- 12 Snúið buddunni varlega við.

